



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM TAKMÖRKUN Á STÖÐTÖKU VIÐSKIPTABANKA OG SPARISJÓÐA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM TAKMÖRKUN Á STÖÐUTÖKU
VIÐSKIPTABANKA OG SPARISJÓÐA

2021 nr. 22

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. desember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR um takmörkun á stöðutöku viðskiptabanka og sparisjóða.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að teljist kerfislega mikilvægir, sbr. d-lið 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019.

2. gr. *Hlutfall eiginfjárþarfar vegna beinnar og óbeinnar stöðutöku.*

Eiginfjárþörf vegna beinnar og óbeinnar stöðutöku, sem hlutfall af eiginfjárgrunni, skal reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$\begin{aligned} & \text{(Eiginfjárþörf vegna hlutabréfa í veltubók)} + \\ & \text{(Eiginfjárþörf vegna hlutabréfa í fjárfestingabók)} + \\ & \text{(Eiginfjárþörf vegna skuldabréfa í veltubók)} + \\ & \underline{\text{(Eiginfjárþörf vegna óbeinnar stöðutöku í verðbréfum og hrávörum)}} \\ & \text{Eiginfjárgrunnur} \end{aligned}$$

Með eiginfjárþörf er átt við eiginfjárþörf undir stoð 1 sem reiknuð er út í samræmi við bála II. og IV. í III. hluta reglugerðar um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, og eiginfjárþörf undir stoð 2 sem reiknuð er út í samræmi við viðmið Fjármálaeftirlitsins sem birt eru á grundvelli 116. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með eftirfarandi hætti:

1. Eiginfjárþörf vegna hlutabréfa í veltubók er reiknuð út í samræmi við kafla 5.2 og 5.3 í Viðauka 2 í viðmiðum Fjármálaeftirlitsins um mat á eiginfjárþörf undir stoð 2 vegna markaðsáhættu (e. Annex 2: Supervisory Benchmarks for the Setting of Pillar 2 Own Funds Requirements for Market Risk).
2. Eiginfjárþörf vegna hlutabréfa í fjárfestingabók er reiknuð út í samræmi við kafla 6.2 í Viðauka 2 í viðmiðum Fjármálaeftirlitsins um mat á eiginfjárþörf undir stoð 2 vegna markaðsáhættu (e. Annex 2: Supervisory Benchmarks for the Setting of Pillar 2 Own Funds Requirements for Market Risk).
3. Eiginfjárþörf vegna skuldabréfa í veltubók er reiknuð út samkvæmt kafla 5.1 í Viðauka 2 í viðmiðum Fjármálaeftirlitsins um mat á eiginfjárþörf undir stoð 2 vegna markaðsáhættu (e. Annex 2: Supervisory Benchmarks for the Setting of Pillar 2 Own Funds Requirements for Market Risk).
4. Eiginfjárþörf vegna óbeinnar stöðutöku í verðbréfum og hrávörum er reiknuð út í samræmi við kafla 2.1 og 2.3 í Viðauka 1 í viðmiðum Fjármálaeftirlitsins um mat á eiginfjárþörf undir stoð 2 vegna útlána- og samþjöppunaráhættu (e. Annex 1: Supervisory Benchmarks for the Setting of Pillar 2 Additional Own Funds Requirements for Credit and Concentration Risk).

Með eiginfjárgrunni er átt við eiginfjárgrunn samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

3. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 28. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi 1. janúar 2022.